

Innviðaráðuneytið
Sölvhólsgrötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík, 11. apríl 2023

Varðar: Umsögn um áform um gerð Vegvísis að vistvænum samgöngum til ársins 2030 (mál nr. 74/2023)

Vísað er til auglýsingar í samráðsgátt stjórnvalda þar sem óskað er eftir umsögnum um áform um gerð Vegvísis að vistvænum samgöngum til ársins 2030. Drögin voru birt í samráðsgátt hinn 21. mars 2023 og umsagnarfrestur veittur til 11. apríl 2023.

Icelandair fagnar því að gefinn sé kostur á umsögn um fyrrnefnd áform. Í kynningu á málefninu kemur m.a. fram að: „Árið 2040 skal fullum orkuskiptum náð og þannig skal Ísland verða óháð jarðefnaeldsneyti fyrst ríkja. Ísland er aðili að rammamarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og þátttakandi í sameiginlegu markmiði Evrópuríkja um 55% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda til ársins 2030 miðað við árið 1990.“

Losun frá flugi fellur ekki undir sameiginleg markmið og er ekki á beinni ábyrgð íslenskra stjórnvalda ([Umhverfis- orku og loftslagsráðuneytið](#)), og því utan mörkunar aðgerðaráætlunar um vistvænar samgöngur. Ekki verður þó séð hvernig markmið um full orkuskipti og óháði Íslands um jarðefnaeldsneyti 2040 verði náð nema með öflugum samráði og samstarfi við íslenska flugrekendur.

Á heimsvísu veldur flugstarfsemi um 3% af heildarlosun gróðurhúsalofttegunda og er Icelandair meðvitað um þau áhrif sem starfsemin hefur á loftslag. Icelandair hefur sett sér metnaðarfull markmið um 50% samdrátt í losun árið 2030 miðað við losun ársins 2019 (pr.tonnkílómetra). Losun frá innanlandsflugi og flugi innan Evrópu fellur undir ETS, evrópska viðskiptakerfið með losunarheimildir, þar sem stefnt hefur verið að 43% samdrætti í losun innan kerfisins árið 2030 miðað við árið 2005.

Á komandi mánuðum er fyrirsjáanleg lagabreyting Evrópusambandsins, og væntanleg upptaka hennar á Íslandi í gegnum EES samninginn, sem ætlað er að auka samdrátt í losun enn frekar. Markmið lagabreytingarinnar er að hvetja fólk í Evrópu til að velja samgöngur með lestum umfram flug. Vegna fjarlægðar munu flugfargjöld hækka meira hjá ríkjum á jaðri áhrifasvæðisins en ríkja á meginlandinu og eru ferðamöguleikar eyríkja landfræðilega takmarkaðir eins og gefur auga leið. Vegna landfræðilegrar staðsetningar mun fyrirhuguð lagabreyting leiða af sér auknar byrðar fyrir Ísland umfram önnur lönd Evrópu. Icelandair styður að sjálfsögðu baráttu íslenskra stjórnvalda sem lýtur að því að Ísland muni bera sömu byrðar og önnur Evrópuríki að þessu leyti en ekki auknar byrðar vegna landfræðilegrar legu. Losun frá flugi utan Evrópu fellur undir CORSIA, kerfi Alþjóðaflugmálastofnunarinnar um losunarheimildir, og kostnaður verður gerður upp miðað við losun umfram losun ársins 2019.

Loflagsmál eru hnattrænt verkefni þar sem Ísland getur lagt sitt lóð á vogarskálarnar með því að nýta græna orku og skapa hvataumhverfi. Úrræði flugrekenda á Íslandi til að draga úr losun takmarkast þó af þeirri tækni sem í boði er hverju sinni. Tækifæri tengd nýsköpun á sviði framleiðslu á rafeldsneyti og nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa, s.s. rafmagns og græns vetnis, eru til staðar hér á landi en hvata frá stjórnvöldum til framkvæmda á því sviði skortir. Icelandair telur mikilvægt að stjórnvöld móti skýra stefnu um þróun innviða og aðlögun nýrrar tækni með markvissum aðgerðum og að samráð sé haft við flugrekendur á þeirri vegferð. Icelandair getur lagt til þekkingu og reynslu og hvetur til þess að komið sé á samstarfi milli allra hlutaðeigandi aðila.

Virðingarfyllst,

f.h. Icelandair



Bogi Nils Bogason

Forstjóri